

38. gr. þeirra laga og auk þess einnig við 3. mgr. 4. gr. umferðarlaganna nr. 24 frá 16. júní 1941 sbr. 14. gr. þeirra laga. Refsing ákærða þykir samkvæmt framanrituðu hæfilega ákveðin 5 mánaða varðhald.

Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna þykir bera að svipta ákærða bifreiðarstjóraréttindum ævilangt.

Ákærða ber að dæma til þess að greiða allan sakarkostnað.

Hinrik Jónsson sýslumaður kvað upp dóm þenna.

Dómsuppsaga hefur dregið sökum embættisanna og veikinda.

Dómsorð:

Ákærði, Þorgrímur Viðar Jóhannesson, sæti 5 mánaða varðhaldi. Hann skal sviptur bifreiðarstjóraréttindum ævilangt.

Ákærði greiði allan kostnað af máli þessu.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 8. desember 1952.

Nr. 5/1952: **Rafveita Akureyrar** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Antoni Ólasyni og

Þrotabúi Kolsýruverksmiðjunnar Sindra h/f

(Enginn).

Krafa um endurgjald fyrir rafmagn nýtur ekki forgangs í Þrotabúi samkvæmt b-lið 83. gr. laga nr. 3/1878.

Dómur Hæstaréttar.

Friðjón Skarphéðinsson, bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. janúar þ. á. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og dæmt verði, að krafa hans í Þrotabúi Kolsýruverksmiðjunnar Sindra h/f, kr. 7562.64, verði látin njóta forgangs í skuldaröð samkvæmt b-lið 83. gr. laga nr. 3/1878. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Af hendi stefndu hefur enginn komið fyrir Hæstarétt í máli þessu. Hefur bæjarfógetinn á Akureyri f. h. stefnda Þrotabús

Kolsýruverksmiðjunnar Sindra h/f fallið frá stefnu í málinu, en stefnda Antoni Ólasyni verið löglega stefnt. Málið hefur því verið flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. laga nr. 112/1935 og dæmt eftir framlögðum skjölum.

Fjárhæð sú, sem krafizt er í máli þessu, er endurgjald fyrir selt rafmagn. Er hér um að tefla kaup og sölu verðmætis, enda þótt opinber aðili eigi þar hlut að máli og salan færi fram samkvæmt lögum, sem þar að lúta. Nýtur greiðslan því ekki forgangs í þrotabúi samkvæmt b-lið 83. gr. laga nr. 3/1878. Ber samkvæmt þessu að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til.

Samkvæmt þessari niðurstöðu og þar sem stefndu hafa ekki komið fyrir Hæstarétt, á málskostnaður hér fyrir dómi að falla niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Akureyrar 10. desember 1951.

Bú Kolsýruverksmiðjunnar Sindra h/f var tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota með úrskurði skiptaréttar þann 10. maí s.l. Á skiptafundi í nefndu þrotabúi þann 14. f. m. var lagt fram frumvarp til úthlutunargerðar í búinu. Umboðsmaður sóknaraðilja í máli þessu, Antons Ólasonar verkamanns, Akureyri, bar fram mótmæli gegn því, að krafa varnaraðilja, Rafveitu Akureyrar, kr. 7.562.64, yrði talin forgangskrafa samkvæmt 83. gr., b-lið, skiptalaganna frá 1878, en þannig hafði kröfu þessari verið raðað í úthlutunargerðinni. Umboðsmaður varnaraðilja vildi ekki una því, að krafa þessi yrði talin almenn krafa. Hefur mál út af ágreiningi þessum síðan verið rekið sem sérstakt skiptaréttarmál og var að undangengnum munnlegum málflutningi tekið til úrskurðar þann 7. þ. m.

Krafa varnaraðilja er fyrir selda raforku til h/f Sindra í febrúar—maí þ. á. Sóknaraðili byggir kröfu sína á því, að krafa þessi sé ekki skattur eða gjald til hins opinbera, heldur söluverð orku, sem félaginu var látin í té til ljósa og iðnaðarframleiðslu. Gjald fyrir raforku fellur í gjalddaga mánaðarlega, en varnaraðili hafi vanrækt að loka fyrir rafstrauminn, þegar vanskil urðu með greiðslu fyrir raforkuna, og megi því sjálfum sér um kenna, að skuld safnaðist fyrir hjá félaginu. Krefst hann þess, að skuld þessi verði talin almenn krafa í þrotabúi félagsins. Þá krefst hann og málskostnaðar sér til handa.

Varnaraðili mótmælir kröfum sóknaraðilja og krefst þess, að þeim

verði hrundið með úrskurði skiptaréttarins og úthlutunargerðinni verði ekki breytt að þessu leyti. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja. Varnarástæðu sína byggir hann á því, að kröfuhafi sé stofnun, er sé eign Akureyrarkaupstaðar og rekin til þess að fullnægja almenningsspörf á raforku, en ekki í atvinnuskyni. Gjald fyrir raforku sé ákveðið í gjaldskrá, er ráðherra hefur staðfest, og það hafi lögtaksrétt, sbr. 62. gr. laga nr. 15/1923, það sé gjald til sveitarfélags fyrir starfsemi, sem ekki er rekin í gróðaskyni, heldur til almenningsnota, og falli því undir ákvæði 83. gr., b-liðs 3. töluliðs, skiptalaganna.

Úrslit máls þessa velta á því, hvort söluverð raforku telst skattur eða gjald til sveitarfélags í merkingu fyrrnefndrar skiptalagagreinar. Skattur verður það ekki talið samkvæmt þeirri merkingu, er í því orði felst fyrr eða síðar. Gjald til sveitarfélags telst eftir merkingu skiptalaganna það, sem jafna má til gjalda til sveitarfélaga, er tíðkuðust á þeim tíma, er skiptalögin voru sett. Á þeim tíma var ekki um að ræða sölu á raforku né sölu af hálfu sveitarfélaga, er til slíks mætti jafna. Enda þótt rafveitur sveitarfélaga séu fyrirtæki til almenningsheilla, er á það að líta, að mönnum ber ekki skylda til að kaupa raforku, og raforkusala er viðskiptalegs eðlis öðrum þræði. Hefði því þurft sérstök lagafyrirmæli þar um, ef andvirði raforku ætti að njóta forréttinda í gjaldþrotabúi. Þykir því verða að fallast á kröfu sóknaraðilja í máli þessu, þannig að krafa varnaraðilja teljist almenn krafa í búinu. Eftir atvikum þykir málskostnaður mega falla niður.

Því úrskurðast:

Krafa varnaraðilja, Rafveitu Akureyrar, kr. 7.562.64, í þrotabú Kolsýruverksmiðjunnar Sindra h/f telst almenn krafa, og breytist úthlutunargerðin í samræmi við það.

Málskostnaður fellur niður.
